




Reykjavík, 19. júní 2025
USK25040402

Smáragata 16 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Sætrar ehf., dags. 29. apríl 2025, ásamt bréfi Grímu arkitekta, dags. 3. apríl 2025, um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 16 við Smáragötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Götumynd tekin af já.is



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Smáragötu 16 borgarhluta 2 miðborg og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn og skal því fara eftir ákvæðum aðalskipulags.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 16 við Smáragötu er skráð gistiheimili skv. fasteignaskrá. Húsið var byggt árið 1943.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á endurnýjun rekstrarleyfis í húsinu að Smáragötu 16. Reykjavíkurborg er ekki leyfisveitandi rekstrarleyfa og skal því sækja um nýtt rekstrarleyfi hjá sýslumanni. Bent er á að um er að ræða nýtt rekstrarleyfi en ekki endurnýjun á leyfi þar sem nýr rekstraraðili hefur tekið við húsinu. Skv. lögum um nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald skal umsókn vera metin út frá gildandi skipulagi.

Niðurstaða

- Ekki er hægt að taka afstöðu til málsins þar sem skipulagsfulltrúi er ekki leyfisveitandi rekstrarleyfa.



Reykjavík



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík